

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.**

1. gr.

Í stað I. viðauka kemur nýr viðauki sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 10. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.  
Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2021.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. desember 2020.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

I. VIÐAUKI  
Útreikningur á hámarksmagni sem um getur í 9. gr.

*Hámarksmagn.*

Hámarksmagn sem setja má á markað af vetnisflúorkolefnum og getið er um í 9. gr. er sem hér segir:

| Þrep<br>niðurfösunar | Ár      | Hámarksmagn innfluttra vetnisflúorkolefna |                             |
|----------------------|---------|---|-----------------------------|
|                      |         | Hlutfall af grunnlínu                     | Kílótonn koldíoxíðjafngilda |
| 1. þrep              | 2019-20 | 90%                                       | 243,9                       |
| 2. þrep              | 2021-23 | 35%                                       | 94,9                        |
| 3. þrep              | 2024-26 | 24%                                       | 65,0                        |
| 4. þrep              | 2027-29 | 19%                                       | 51,5                        |
| 5. þrep              | 2030-35 | 17%                                       | 46,1                        |
| Lokastaða            | 2036-   | 12%                                       | 32,5                        |

Hámarksmagnið í töflunni hér að ofan er reiknað á forsendum ákvæða Kigalibreytingarinnar við Montrealbókunina sem hér segir:

Grunnlínan sem miðað er við nemur 271 kílótonni koldíoxíðjafngilda.

Grunnlínan er meðaltal innflutnings vetnisflúorkolefna á árunum 2011-13, reiknað í koldíoxíðjafngildum, að viðbættum 15% af reiknuðu koldíoxíðjafngildi grunnlínu vegna innflutnings HCFC-efna.

Innflutningstölur sem lagðar eru til grundvallar varða eingöngu innflutning hreinna miðla, þ.e. ekki vetnisflúorkolefni sem var að finna í búnaði öðrum en ílátum við innflutning.

Grunnlína vegna innflutnings HCFC-efna byggist á innflutningstölum frá 1989 (innflutningur HCFC-efna árið 1989 + 2,8% innflutnings CFC-efna sama ár). Upprunaleg forsenda grunnlínunnar var ósoneyðingarmáttur og grunnlínan því gefin í ODP tonnum. Útreikningur HCFC grunnlínu í koldíoxíðjafngildum byggist á upplýsingum frá Ósonskrifstofu UNEP um innflutning HCFC- og CFC-efna til Íslands 1989 og viðeigandi hnatthlýnunarstuðlum.